

2023
6. hluti

Börn og netmiðlar

Fréttir, falsfréttir og
auglýsingar



FJÓLMÍDLANEFND



MENNTÁVÍSINDASTOFNUN

Börn og netmiðlar

6. hluti - Fréttir, falsfréttir og auglýsingar

Maí 2024

Fjölmiðlanefnd

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir

Umsjón: Skúli B. Geirdal

ISBN: 978-9935-468-40-6

INNGANGSORÐ	5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	6
FRAMKVÆMD	7
ÞÁTTTAKENDUR	8
FRÉTTIR	9
Notkun fréttamiðla og upplifun á fréttum	
Mynd 6.1. Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir á miðlum á netinu?	9
Mynd 6.2. Hlutfall sem les, hlustar eða horfir á fréttir á netinu oft eða stundum.	9
Mynd 6.3. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?	10
Mynd 6.4. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	11
Mynd 6.5. Hvers vegna fylgist þú með fréttum?	12
Mynd 6.6. Benda [eftirfarandi aðilar] þér á áhugaverðar fréttir?	13
Mynd 6.7. Reynir þú að forðast fréttir þessa dagana?	14
Mynd 6.8. Hlutfall þeirra sem forðast fréttir oft eða stundum.	14
FALSFRÉTTIR	15
Gagnrýni og viðbrögð	
Mynd 6.9. Hefur þú séð frétt á síðastliðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt?	15
Mynd 6.10. Hefur þú séð frétt á síðastliðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	15
Mynd 6.11. Hvað gerðir þú síðast þegar þú sást frétt sem þú taldir vera falsfrétt?	16
Mynd 6.12. Hvaða miðla skoðar þú sem þú treystir?	16
Mynd 6.13. Hvar sást þú frétt sem þú taldir að verið gæti falsfrétt?	17
SKAÐLEG UMRÆÐA	18
Ofbeldi, ólöglegt athæfi og myrki vefurinn	
Mynd 6.14. Hefur þú séð umræður á netinu á undanfögnu ári sem innihélt eftirfarandi?	18
Mynd 6.15. Hefur þú heyrt um Dark Web?	19
Mynd 6.16. Hefur þú heyrt um Dark Web? <i>Niðurstöður fyrir stelpur og stráka.</i>	19
Mynd 6.17. Hefur þú notað Tor browser?	20
Mynd 6.18. Til hvers notaðir þú Tor browser síðast þegar þú notaðir hann?	20
Mynd 6.19. Merktu við allar tegundir auglýsinga sem þú sérð á netinu.	21

AUGLÝSINGAR

21

Birting og viðhorf til markaðssetningar á netinu

Mynd 6.20. Merktu við allar tegundir auglýsinga sem þú sérð á netinu.	22
Mynd 6.21. Hvernig fannst þér að sjá auglýsingar um [eftirfarandi efnisflokka]?	24
Mynd 6.22. Hefur þú eytt peningum í eitthvað af eftirfarandi á sl. 12 mánuðum?	25

Forsenda þess að hægt sé að þróa og bjóða upp á vandaða fræðslu fyrir börn og ungmenni er að gerðar séu kannanir með reglubundnum hætti á því hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla. Í síbreytilegum tækniheimi breytist notkun ört, sumir miðlar detta út og aðrir þróast og breytast. Með endurteknum rannsóknum er hægt að fylgjast með þeim breytingum sem verða á notkun samfélagsmiðla og nýta þær upplýsingar í fræðslu- og kynningarefni.

Á árinu 2021 var fyrsta rannsókn Fjölmiðlanefndar gerð í samstarfi við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Það samstarf hefur reynst afar farsælt. Þá var ákveðið að leggja fyrir víðtæka spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9-18 ára um allt land. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar í nokkrum hlutum og vöktu þær talsverða athygli þegar þær voru birtar.

Fjölmiðlanefnd hefur nú aftur fengið Menntavísindastofnun Háskóla Íslands til að leggja fyrir samskonar könnun. Hún byggir að mestu leyti á spurningum fyrri könnunar, auk þess sem búið er að bæta við fleiri spurningum, m.a. um líðan og áhættuhegðun ungs fólks. Könnunin sem framkvæmd var árið 2021 byggði á rannsókn sem upphaflega var unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet. Að þessu sinni voru nokkrar spurningar teknar út og öðrum bætt við. Reynt var að finna jafnvægi milli þess að fylgja eftir spurningum sem yrðu samanburðarhæfar milli ára og að bæta við nýjum spurningum í takti við breytta notkun barna og ungmenna.


Jafnframt var ákveðið að hafa spurningalistann á íslensku, ensku og pólsku til að ná til þeirra barna sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Um síðustu áramót voru 16,6% landsmanna erlendir ríkisborgarar, þar sem Pólverjar eru langfjölmennastir, eða rúmlega þriðjungur allra erlendra ríkisborgara. Mikilvægt er að ná til sem flestra barna og ungmenna, einnig þeirra sem ekki eru með íslensku að móðurmáli til að fá heildarsýn yfir málaflokkinn.

Í byrjun árs 2024 færðist umsjón með framkvæmd SAFT-verkefnisins frá Heimili og skóla til Fjölmiðlanefndar. SAFT er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Þar sem Fjölmiðlanefnd hefur það lögbundna hlutverk að efla miðla- og upplýsingalæsi allra landsmanna á verkefnið vel heima hjá nefndinni. Þetta fyrirkomulag samræmist þeim áherslum sem mótaðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum, að opinberar stofnanir sinni bæði rannsóknum og fræðslustarfi í miðla- og upplýsingalæsi. Niðurstöður þessarar könnunar munu því nýtast vel í því fræðslustarfi sem sinnt er undir merkjum SAFT, nú Netöryggismiðstöðvar Íslands.

Áfram verður tryggt að skólar, fræðasamfélagið og aðrir geti nálgast rannsóknargögn á aðgengilegu formi, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Vonast er til að niðurstöður könnunarinnar verði uppspretta frekari kannana og rannsókna á þessu sviði.

Elfa Ýr Gylfadóttir


Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar



FRÉTTIR




61% barna í 6. - 10. bekk grunnskóla og **87%** í framhaldsskóla las, hlustaði á eða fylgdist með fréttum á netinu.



FRÉTTAFORÐUN




24% barna í 6. - 10. bekk grunnskóla og **21%** í framhaldsskóla forðuðust fréttir þegar könnunin var framkvæmd.



FALSFRÉTTIR




41% barna í 8. - 10. bekk grunnskóla og **67%** í framhaldsskóla töldu sig **hafa séð falsfréttir**.



MYRKI VEFURINN



74% barna í 8. - 10. bekk og **81%** í framhaldsskóla þekktu til **myrka vefsins** (Dark Web). **7%** þeirra sem þekktu vefinn höfðu notað **Tor varann**.



Í þessari skýrslu eru birtar helstu niðurstöður könnunarinnar Börn og netmiðlar sem framkvæmd var seint á haustmisseri 2023. Könnunin náði til nemenda í grunn- og framhaldsskólum um land allt. Í fyrstu fyrirlögn 2021 var grunnur spurningalistans byggður á rannsókn norsku fjölmiðla-nefndarinnar Barn og media, en var að hluta til endurbættur í þessari umferð. Spurningalistinn var sendur til umsagnar Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir.

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 6.489 nemendur þátt, þar af voru 4.562 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 1.927 framhaldsskólanemar. Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur.

Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 53 af 60 boðuðum skólum. Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum.

Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 25 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og þátttöku í könnuninni hafði ekki verið hafnað. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir þátttakendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og/eða hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá því að ekki væri verið að afla neinna persónuupplýsinga.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu, stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingsstigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu lengri spurningalista með fleiri efnisflokkum.

Tímabil fyrirlagnar var frá lokum október og fram í miðjan nóvember 2023. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldsskólanema var vigtað eftir kyni og landssvæði.

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið.

Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.

Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

GRUNNSKÓLI

Bekkir	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
4. bekkur	281	46,1	300	49,3	8	1,3	20	3,3
5. bekkur	294	48,3	297	48,8	4	0,7	14	2,3
6. bekkur	282	46,4	308	50,7	6	1,0	12	2,0
7. bekkur	307	51,0	277	46,0	4	0,7	14	2,3
8. bekkur	424	53,0	356	44,5	9	1,1	11	1,4
9. bekkur	388	49,9	370	47,6	7	0,9	13	1,7
10. bekkur	371	52,8	307	43,7	7	1,0	18	2,6

FRAMHALDSSKÓLI


Aldur	Strákar		Stelpur		Stálp		Vildu ekki svara	
	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)	fjöldi	(%)
<15 ára	4	26,7	8	53,3	2	13,3	1	6,7
15 ára	55	37,9	89	61,4	1	0,7		
16 ára	323	36,4	540	60,9	11	1,2	13	1,5
17 ára	205	30,2	450	66,4	16	2,4	7	1,0
18 ára	77	29,6	176	67,7			7	2,7

NOTKUN FRÉTTAMIÐLA OG UPPLIFUN Á FRÉTTUM

Í þessum kafla eru niðurstöður um að hve miklu leyti börn og unglingar fylgjast með og skoða fréttir og hvaða efnisveitur þau nota helst til þess.

Mynd 6.1. Lest, hlustar eða horfir þú á fréttir á miðlum á netinu?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Helmingur barna í 4. - 7. bekk skoða fréttir oft eða stundum. Hlutfallið hækkar með aldri og á framhaldsskólastigi eru 88% sem skoða fréttir oft eða stundum, mynd 6.1.

Á grunnskólastigi eru strákar aðeins líklegri en stelpur til að skoða fréttir oft eða stundum. Á framhaldsskólastigi er munurinn nánast enginn, mynd 6.2.

Mynd 6.2. Hlutfall sem les, hlustar eða horfir á fréttir á netinu oft eða stundum.

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 6.3. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?

Fjölvalsspurning. Birtingarskilyrði að lesa eða horfa á fréttir á netinu.
Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.




Spurningin á mynd 6.3 er fjölvalsspurning sem aðeins þeir sem sögðust fylgjast með fréttum oft eða stundum fengu. Þátttakendur voru beðnir að merkja við alla miðla sem áttu við, þannig að samanlagt hlutfall fer yfir 100%.

Algengasti miðillinn sem þátttakendur merktu við sem þau notuðu til að fylgjast með fréttum var TikTok. Þar á eftir kom mbl.is, visir.is en ruv.is var í fjórða sæti. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir skólastigum sést að framhaldsskólanemar merkja flestir við mbl.is og visir.is, nokkuð færri merkja við TikTok, Facebook og Instagram en ruv.is er í sjötta sæti.

Mynd 6.4. Hvaða miðla notar þú til að lesa eða horfa á fréttir?


Fjölvalsspurning. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.



Þegar svör stráka og stelpna eru borin saman sést að stelpur merkja við fleiri miðla en strákar. Á öllum skólastigum er það þannig nema strákar merktu frekar við YouTube og Twitter, sjá mynd 6.4.

Mynd 6.5. Hvers vegna fylgist þú með fréttum?


Fjölvalsspurning. Birtingarskilyrði að lesa eða horfa á fréttir á netinu. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.



Hlutfallslega flestir þátttakendur merktu við að þeir fylgdust með fréttum þar sem það væri góð leið til að fylgjast með og læra nýja hluti. Fæstir þátttakendur völdu valkostinn að þeim myndist það skylda sín að fylgjast með fréttum, sjá nánar á mynd 6.5.

Mynd 6.6. Benda [effirfarandi aðilar] þér á áhugaverðar fréttir?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Spurningarnar á mynd 6.6 voru lagðar fyrir alla þátttakendur, einnig þá sem sögðust ekki fylgjast með fréttum. Flestir þátttakendur sögðu að foreldrar þeirra bentu þeim oft eða stundum á áhugaverðar fréttir. Hlutfallið jókst lítillega með hækkandi aldri.

Fleiri sögðu vini sína segja sér áhugaverðar fréttir samanborið við skólastarfsmenn, kennara eða systkini. Hlutfall þeirra sem sögðu að systkini bentu á fréttir oft eða stundum jókst hins vegar ekki með aldri. Aðeins fleiri þátttakendur í framhaldsskóla en grunnskóla sögðu að kennarar bentu þeim oft eða stundum á áhugaverðar fréttir.

Mjög lítil munur var á svörum stráka og stelpna og því verða þær niðurstöður ekki birtar hér.

Mynd 6.7. Reynir þú að forðast fréttir þessa dagana?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Spurninguna um fréttaförðun fengu allir sem voru í 6. - 10. bekk grunnskóla og í framhaldsskóla. Tæpur fjórðungur þátttakenda sagðist forðast fréttir oft eða stundum, fleiri þó stundum en oft, sjá mynd 6.7. Hlutfallið lækkaði aðeins með hækkandi aldri. Langflestir sögðu þó að þeir forðuðust fréttir sjaldan eða aldrei.

Nánast enginn munur var á svörum stráka og stelpna hvað varðar fréttaförðun, eða um 1%, sjá mynd 6.8. Einnig voru svör nokkuð svipuð í öllum aldurshópum.

Mynd 6.8. Hlutfall sem forðast fréttir oft eða stundum.

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




GAGNRÝNI OG VIÐBRÖGÐ

Þátttakendur á unglíngastigi og framhaldsskóla fengu nokkrar spurningar um falsfréttir, hvort og hvar þeir teldu sig hafa séð þær. Einnig var spurt um viðbrögð þeirra við grunsemdum um að frétt gæti mögulega verið falsfrétt.

Mynd 6.9. Hefur þú séð frétt á síðastliðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt?

Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Mun fleiri þátttakendur á framhaldsskólastigi (67%) en á unglíngastigi (41%) töldu sig hafa séð frétt sem var falsfrétt, mynd 6.9.

Óverulegur munur er á niðurstöður fyrir stráka og stelpur á unglíngastigi en í framhaldsskóla eru 12% fleiri strákar en stelpur sem telja sig hafa séð falsfrétt.


Mynd 6.10. Hefur þú séð frétt á síðastliðnu ári sem þú telur hafa verið falsfrétt?

Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 6.11. Hvað gerðir þú síðast þegar þú sást frétt sem þú taldir vera falsfrétt?

Fjölvalsspurning. Birtingarskilyrði er að hafa séð falsfrétt.
Niðurstöður flokkaðar eftir skólástigum.



Aðeins þeir sem höfðu séð frétt sem þeir töldu falsfrétt fengu spurninguna á mynd 6.11. Flestir þátttakendur gerðu ekkert þegar þeir sáu frétt sem eir töldu vera falsfrétt. Næst algengast var að þátttakendur hafi leitað nánari upplýsingar um efnið á netinu, fleiri á framhaldsskólastigi en unglingastigi. Ekki voru margir sem svöruðu til um að hafa gert eitthvað annað þegar þeim grunaði að frétt væri falsfrétt en hægt er að draga saman að þátttakendur sögðust hafa „reportað“ fréttina, hlegið, verið sama eða sett komment við fréttina.

Þátttakendur sem merktu við að hafa skoðað miðil sem þeir treystu fengu spurningu um hvaða miðla þeir skoðuðu sem þeir treystu, mynd 6.12.

Mynd 6.12. Hvaða miðla skoðar þú sem þú treystir?


Opin spurning og ekki var beðið um ákveðinn fjölda tilnefninga.



Í orðaskýinu á mynd 6.12 má sjá þá miðla sem oftast voru nefndir þegar spurt var um hvaða miðla þátttakendur treystu.

Mynd 6.13. Hvar sást þú frétt sem þú taldir að verið gæti falsfrétt?

Fjölvalsspurning. Birtingarskilyrði er að hafa séð falsfrétt.
Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.




Flestur gáfu upp samfélagsmiðla sem þann stað sem þeir sáu mögulega falsfrétt. Nokkuð hærra hlutfall þátttakenda á framhaldsskólastigi (71%) en unglíngastigi (60%) merktu við samfélagsmiðla. Næst algengast var að hafa séð slíkar fréttir á vefsíðum en hlutfallið var mun lægra, þ.e. 25% á unglíngastigi og 29% á framhaldsskólastigi. Sjá nánar á mynd 6.13.

Notaði heilan minn og fattaði að það voru ekki geimverur sem komu með píramída

OFBELDI, ÓLÖGLEG TATHÆFI OG MYRKI VEFURINN

Þátttakendur á unglinga- og framhaldsskólastigi voru spurðir hvort þeir hefðu séð tilkynningar eða umfjallanir undanfarið ár um nokkur efnisatriði þ.á.m. myndbirtingar eða umræðu um beitingu ofbeldis, hatursröræðu eða sölu áfengis og fíkniefna, mynd 6.14.

Mynd 6.14. Hefur þú séð umræður á netinu á undanfögnu ári sem innihélt eftirfarandi? Fjölvalsspurning. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.




Hatursskilaboð gegn einstaklingum var algengasta umræðan sem þátttakendur höfðu séð. Hærra hlutfall stelpna (40%) en stráka (31%) í 8. - 10. bekk hafði séð hatursskilaboð en rúmur helmingur þátttakenda í framhaldsskóla hafði séð slíkt. Ekki var munur þar á hlutfalli stelpna og stráka. Næst algengast var að þátttakendur hefðu séð umræður sem lutu að því hvernig grenna mætti sig verulega, en stelpur voru mun líklegri en strákar til að sjá þá umræðu. Þriðja algengasta umræðan varðaði áætlanir um slagsmál sem voru algengari meðal þátttakenda á unglingastigi en í framhaldsskóla. Á báðum skólastigum voru strákar líklegri en stelpur til að hafa séð slíka umræðu.

„Dark Web“ hefur verið þýtt sem „myrki vefurinn“ sem er lítill hluti djúpvefsins (e. deep web). Ólögleg starfsemi af ýmsu tagi er á meðal þess sem finna má á myrka vefnum og því er vefurinn oft tengdur ólöglegri starfsemi s.s. kaupum og sölu á fíkniefnum. Tor netvafrinn gerir notendum mögulegt að vafra nafnlaust á netinu. Ekki hefur áður verið könnuð notkun ungmenna á þessu lagi internetsins í Börnum og netmiðlum.

Mynd 6.15. Hefur þú heyrð um Dark Web?


Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Meðal þátttakenda á unglingsstigi voru 74% sem höfðu heyrð um myrka vefinn og voru strákar þar nokkuð fleiri en stelpur. Á framhaldsskólastigi var hlutfallið hærra (81%). Á báðum stigum var þekking stráka á myrka vefnum algengari en meðal stelpna, sjá myndir 6.15 og 6.16.

Mynd 6.16 Hefur þú heyrð um Dark Web?


Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.



Mynd 6.17. Hefur þú notað Tor browser?

Aðeins þeir sem þekktu til Dark Web/Myrka vefsins.

Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.




Aðeins þátttakendur sem þekktu Dark Web voru spurðir hvort þeir hafi notað Tor vafrann.

Af þeim voru 11% stráka í 8.-10. bekk sem höfðu notað Tor vafrann en hlutfallið var lægra meðal stelpna (2%), mynd 6.17. Í framhaldsskóla var hlutfall stráka hærra (16%) en óbreytt meðal stelpna.

Spurt var hvers vegna þátttakendur hefðu notað Tor vafrann. Algengasta ástæðan var til að opna „Onion link“, sjá nánar á mynd 6.18. Í opna svarmöguleikanum „Annað“ voru algengustu ástæðurnar sagðar forvitni eða til að skoða, ná í leiki, myndir eða þætti, kaup á ólöglegum varningi auk nokkurra svara sem erfitt er að vinna úr. Hafa verður í huga að svör bak við hverja ástæðu voru örfá.

Mynd 6.18. Til hvers notaðir þú Tor browser síðast þegar þú notaðir hann?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.




BIRTING OG VIÐHORF TIL MARKAÐSSETNINGAR Á NETINU

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu séð auglýsingar fyrir ýmsa vöruflokka og þjónustu á netinu, þ.m.t. á samfélagsmiðlum. Nemendur í 6. - 7. bekk fengu ekki alla liði spurningarinnar sem var fjölkostaspurning. Yngstu þátttakendurnir í 4. - 5. bekk fengu ekki þessar spurningar.

Mynd 6.19. Merktu við allar tegundir auglýsinga sem þú sérð á netinu.

Fjölkostaspurning. Niðurstöður flokkaðar eftir skólastigum.




Í 6. - 7. bekk var hlutfall þeirra hæst (39%) sem mundu ekki eftir fjölda eða efni auglýsinga á netinu auk þess sem 37% sögðust ekki hafa séð neitt af uppgefnum flokkum auglýsinga, sjá mynd 6.19. Hins vegar sáu næstum tveir af hverjum tíu þátttakendum á þessu skólastigi auglýsingar um fjárhættuspil.

Þeim sem ekki höfðu séð upptalda efnisflokka eða mundu ekki eftir því fækkaði með hækkandi aldri. Á unglingastigi var algengast að muna ekki eftir auglýsingum en að sjá vöðvaaukandi varning (31%) og fjárhættuspil (28%) kom þar á eftir.

Vörur sem sagðar voru til að auka vöðva og fjárhættuspil voru einnig algengustu auglýsingar sem nemendur á framhaldsskólastigi sáu en nær helmingur allra framhaldsskólanema hafði séð auglýsingar um vöðvaaukandi varning. Um fjórir af hverjum tíu framhaldsskólanemum hafði séð auglýsingar um fjárhættuspil og andlitsmeðferðir.

Mynd 6.20. Merktu við allar tegundir auglýsinga sem þú sérð á netinu.

Fjölkostaspurning. Niðurstöður fyrir stráka og stelpur flokkaðar eftir skólastigum.



Hér að framan má sjá hvaða efnisflokka auglýsingar strákar og stelpur sáu, mynd 6.20.

Í 6. - 7. bekk voru fleiri stelpur en strákar sem merktu við að hafa ekkert séð af upptöldum efnisflokkum eða myndu ekki eftir auglýsingum um efnið. Hins vegar voru mun fleiri strákar en stelpur sem fengu auglýsingar um fjárhættuspil og tæplega tvöfalt fleiri strákar en stelpur fengu auglýsingar um vöðvaaukandi vörur og áfengi, 13% stráka og 7% stelpna.

Á unglíngastigi (8. - 10. bekk) var hlutfallslegur munur milli stráka og stelpna mestur í auglýsingum um fjárhættuspil og andlitsmeðferðum. Auglýsingar um fjárhættuspil höfðu 35% stráka séð samanborið við 20% stelpna. Mun fleiri stelpur (33%) en strákar (15%) höfðu hins vegar séð auglýsingar um andlitsmeðferðir.

Á framhaldsskólastigi hafði vel rúmur helmingur stráka (59%) séð auglýsingar um fjárhættuspil samanborið við 29% stelpna. Nokkuð fleiri stelpur en strákar höfðu fengið auglýsingar um sólbáðstofur, megrunarvörur, andlitsmeðferðir og útlitsaðgerðir.


Auglýsingar um áfengi sáu 27% framhaldsskólanemar, jafnt strákar sem stelpur. Á meðal grunnskólanema var hlutfallið lægra sem sá áfengisauglýsingar en jafnframt var hlutfall stráka nokkuð hærra en stelpna sem sáu þær. Sjá nánar á mynd 6.20.

Mynd 6.21. Hvernig fannst þér að sjá auglýsingar um [eftirfarandi]?


Birtingarskilyrði er að hafa séð auglýsingar úr nefndum efnisflokki.

Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum. Tölur á mynd eru hlutfallstölur.


Vörur til að auka vöðva?



Útlitsaðgerðir?



Megrunarvörur?



■ Mér líkaði það ekki
 ■ Mér var alveg sama
 ■ Mér fannst það í lagi
 ■ Mér líkaði það
 ■ Veit ekki / man ekki

Aðeins þeir sem merktu við að hafa séð auglýsingar um eftirfarandi flokka fengu spurningarnar á mynd 6.21.


Vöðvaaukandi vörur. Þeir sem höfðu séð auglýsingu um vörur til að auka vöðva voru spurðir um hvernig þeim hafi fundist það. Meiri en helmingur svarenda sagði að þeim hafi verið alveg sama.

Útlitsaðgerðir. Á unglíngastigi líkaði strákum verr en stelpum að sjá auglýsingar um útlitsaðgerðir. Samantekið voru stelpur aðeins fleiri en strákar sem fannst í lagi eða líkaði að sjá auglýsingar um útlitsaðgerðir.

Megrunarvörur. Á framhaldsskólastigi líkaði stelpum aðeins verr en strákum að sjá auglýsingar um megrunarvörur auk þess sem þátttakendur í framhaldsskóla voru fleiri en í 8. - 10. bekk grunnskóla sem líkaði ekki að sjá auglýsingar um megrunarvörur.

Mynd 6.22. Hefur þú eytt peningum í eitthvað af eftirfarandi á sl. 12 mánuðum?

Fjölvalsspurning. Niðurstöður stráka og stelpna flokkaðar eftir skólastigum.



Allir þátttakendur á unglinga- og grunnskólastigi fengu þessa spurningu.

Í 8. - 10. bekk voru langflestir sem höfðu ekki keypt neitt af vörunum eða þjónustunni sem spurt var um. Fleiri strákar en stelpur í þessum aldursflokki höfðu keypt vöðvaaukandi vörur, áfengi eða spilað fjárhættuspil.

Á framhaldsskólastigi var svipað hlutfall stráka og stelpna sem höfðu ekki keypt neitt af upptöldum varningi eða þjónustu, eða rétt rúmur helmingur. Tvöfalt fleiri strákar en stelpur sem höfðu keypt vöðvaaukandi vörur. Einnig höfðu mun fleiri strákar (21%) en stelpur (1%) í framhaldsskóla tekið þátt í fjárhættuspili. Hærra hlutfall stelpna (32%) en stráka (21%) hafði keypt áfengi. Stelpur í framhaldsskóla voru einnig nokkuð fleiri en strákar sem höfðu eytt peningum í þjónustu sólbaðsstofa.



FJÖLDILÁNEFND



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK